Fundargerð 12. nóvember 2018

Sameiginlegur fundur framkvæmdastjórnar og félagastjórnar Sósíalistaflokks Íslands, haldinn 12. nóvember 2018 í húsakynnum Hlutverkaseturs Borgartúni 1. Fundur hófst kl 19:10.

Mætt voru Auður Traustadóttir, Laufey Ólafsdóttir, Andri Sigurðsson, Bogi Reynisson, Pála Sjöfn Þórarinsdóttir, Sigurður Gunnarsson, Viggó K. Jóhannsson, Katrín Baldursdóttir, Elsa Björk Harðardóttir, Reinhold Richter, Sanna Magdalena Mörtudóttir og Jóhann Helgi Heiðdal.

1. Umræður um sellur. Fundur var haldinn í Hólavallasellu. Útlendingaherdeild fer vel á stað. Það eru komin rúmlega 50 manns í hópinn. Nokkrir hafa skráð sig í flokkinn til að fá að vera með. Þingholtssellan hittist og þau voru tvö. Þau ætla að reyna aftur í næstu viku til að fá fleiri til að mæta. Umræður um félagakerfi og að sellur fái aðgang svo það sé hægt að sjá hvort það séu nýir meðlimir í sellum. Skiptir máli að taka vel á móti nýjum meðlimum.

2. Stefnt að úthringikvöldi í lok mánaðarins, 22.–23. nóv. til að velja í Samvisku og málefnahópa.

3. Umræður um heimasíðu og að það þurfi ritrýnihóp til að fara yfir greinar og annað efni sem flokkurinn er að skrifa og gefa út. Vinna í gangi við að bæta og breyta skráningarform.

4. Elsa sagði okkur frá hundahópnum. Baráttuhópur fólks sem berst fyrir réttinum að halda gæludýr í félagslega kerfinu.

Önnur mál: Engin önnur mál.